



Ársreikningur 2016

Fimleikar



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9




Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning fimleikadeildar Gróttu fyrir árið 2016. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2016 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn fimleikadeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017


Rögnvaldur Dofri Pétursson


Bjarni Torfi Alþórsson



Áritun stjórnar

Stjórn fimleikadeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017


Sigurður Orn Jónsson


María Björg Magnúsdóttir

Harpa Hlíf Bárðardóttir


Þóra Guðrún Jónsdóttir

Elísabet Holt

Anna Jónsdóttir



Skýrsla stjórnar Fimleikadeild Gróttu 2016

Allir meðlimir stjórnar héldu áfram fá síðasta starfsári. Stjórnina skipuðu Sigurður Örn Jónsson formaður, María Björg Magnúsdóttir varaformaður, Harpa Bárðardóttir gjaldkeri, Þóra Guðrún Jónsdóttir meðstjórnandi og Ella Holt meðstjórnandi. Anna Jónsdóttir hélt áfram sem varamaður.

Stjórnarfundir voru haldnir einu sinni í mánuði að júlí undanskyldnum.

Starfsemi

Ólöf Línberg Kristjánsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri fimleikadeildarinnar. Starfshlutfall hennar var hækkað í 75% um mitt ár 2016 þar sem 50% starfshlutfall var ekki nóg til að sinna starfinu.

Eftir nokkur erfið ár varðandi mönnun í þjálfarastöður var ákveðið að prófa eitt ár þar sem eingöngu íslenskir þjálfara væru í salnum. Þessi tilraun hefur reynst vel og árangurinn ekki staðið á sér. Deildin hefur þó fengið til sín erlenda þjálfara í gegnum tíðina og nokkrum sinnum á síðasta ári kom bandarískur fimleikþjálfari að nafni Philip Zak í heimsóknir þar sem bæði iðkendur og þjálfarar höfðu gagn af.

Fjárhagur

Rekstrartekjur fimleikadeildarinnar lækkuðu um tæplega 11% milli ára. Rekstargjöld lækka um rúmlega 3% á milli ára.

Gjaldskrá fimleikadeildarinnar var hækkuð um að meðaltali um 9,56% síðastliðið haust til að standa undir hækkun hjá Fimleikasambandi Íslands sem hækkaði gjöld fimleikadeildarinnar um 62% á milli ára.

Almennar launahækkanir voru tæplega 16% eða 15,96% frá fyrra ári.

Rekstrartekjur voru kr 52.992.038

Rekstrargjöld voru kr 53.780.739

Hagnaður án fjármagnsliða kr -788.701

Hagnaður tímabils kr -714.667

Húsnæðismál

Eftir áralanga baráttu í húsnæðismálum stefnir loks í bjartari tíma fimleikadeildarinnar. Samstarfssamningur milli Reykjavík og Seltjarnarness hefur verið undirritaður varðandi rekstur á fimleikahúsi. Allt stefnir að hægt verði að fara í útboð með verkið í september á þessu ári og að framkvæmdir geti hafist í október.

Almennt

Fimleikar halda áfram að vaxa innan íþróttahreyfingarinnar og fylgir fimleikadeild Gróttu þeim vexti. Deildin hefur vaxið um rúmlega 100 iðkendur á milli ára. Í lok árs 2016 voru 520 iðkendur skráðir í fimleikadeildina.

Samkvæmt fjöldatölum úr þjónustugátt Fimleikasambands Íslands er fimleikadeild Gróttu fimmta stærsta fimleikadeildin á landinu og slær þar við félögum eins og Ármanni, FIMAK, Fylki og Selfoss. Þessar tölur eru mikið gleðiefni fyrir félagið.

Starf fimleikadeildarinnar mun hefjast í litla (græna) salnum í ágúst árið 2017. Til að það sé mögulegt þarf að undirbúa salinn fyrir fimleikaáhöldin í sumar með því að setja festingar í gólf. Gera má ráð fyrir að flutningur áhalda taki um viku.

Fjöldmörg tækifæri eru til staðar fyrir fimleikadeildina eftir að nýja húsið verður tekið í notkun. Möguleiki er á að bjóða upp á fimleika fyrir fatlaða, aldraða og aðra slíka hópa sem geta nýtt aðstöðuna á öðrum tímum en salurinn er notaður. Nýtingin yrði þannig betri á salnum. Þannig má jafnvel auka tekjur félagsins og gera deildinni þannig auðveldara um vik að endurnýja áhöld sem stöðug þörf er á en jafnframt fjárfrekt eins og þeir sem þekkja til vita.

Árangur síðasta árs á mótum

Árangur fimleikadeildarinnar var í heild sinni mjög góður. Nanna Guðmundsdóttir var eins og undanfarin ár í landsliðshóp í áhaldafimleikum kvenna.

Nánari útlitun á árangri ársins má sjá í viðauka 1.

Að lokum

Stjórn fimleikadeildarinnar vill þakka öllum sem hafa á einn eða annan hátt komið að starfi deildarinnar kærlega fyrir. Að öllum öðrum ólöstuðum þá fá Kristín Finnbogadóttir og Kári Garðarson sérstakar þakkir.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017

Sigurður Örn Jónsson
Formaður fimleikadeildar Gróttu

Viðauki 1

Íslandsmót í þrepum 2016

Fjóla Guðrún Viðarsdóttir varð í 4. sæti í 2. þrepi 13 ára og eldri.

Viktoría Ósk Kjærnested sigraði í 4. þrepi 13 ára og eldri.

Diljá Elíasdóttir varð í 2. sæti í 5. þrepi 11 ára og Margrét Lára Jónsdóttir varð í 5. sæti.

Íslandsmót í áhaldafimleikum 2016

Elín Birna Hallgrímsdóttir keppti á tvíslá og slá og Nanna Guðmundsdóttir keppti á tvíslá í fullorðinsflokki.

Meistaramót FSÍ

Katrín Aradóttir varð í 2. sæti á tvíslá og í fjölþraut í stúlknaflökki. Nanna Guðmundsdóttir varð í 4. sæti í fullorðinsflokki.

Landsliðsverkefni 2016

Nanna Guðmundsdóttir var varamaður í landsliði Íslands í fullorðinsflokki á Norðurlandamótinu. Lið Íslands sigraði á mótinu.

Haustmót FSÍ 2016

Gróttta varð í þriðja sæti í liðakeppni í 4. þrepi 11 ára.

Saga Óskarsdóttir var í 1. sæti á stökki í 3. þrepi 13 ára og eldri.

Laufey Birna Jóhannsdóttir varð í 2. sæti í fjölþraut og á tvíslá, í 1. sæti á slá og í 3. sæti á gólfi í 1. þrepi 13 ára og yngri.



Rekstrarreikningur 2016

Rekstrartekjur	Skýr.	2016	2015
Framlög og styrkir	3	18.198.558	19.132.216
Aðrar tekjur	4	43.693.480	39.662.605
		<u>61.892.038</u>	<u>58.794.821</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	24.884.123	20.648.900
Verktakagreiðslur þjálfara		16.602.848	14.216.506
Kostnaður v/erlendra þjálfara		4.492.898	4.881.966
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		8.900.000	8.900.000
Áhöld, tæki og búnaður		889.065	2.601.742
Þátttaka og kostnaður vegna móta		1.957.705	2.570.747
Annar kostnaður	6	4.954.100	1.803.360
		<u>62.680.739</u>	<u>55.623.221</u>
		Rekstrarhagnaður (-tap)	(788.701) 3.171.600
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		82.816	66.793
Vaxtagjöld		(8.782)	(3.094)
		<u>74.034</u>	<u>63.699</u>
		Hagnaður (tap) ársins	(714.667) 3.235.299



Efnahagsreikningur 31/12 2016

Eignir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		4.337.143	3.538.548
Handbært fé		<u>241.469</u>	<u>1.251.859</u>
Veltufjármunir samtals		<u>4.578.612</u>	<u>4.790.407</u>
Eignir samtals		<u><u>4.578.612</u></u>	<u><u>4.790.407</u></u>

Eigið fé og skuldir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		3.275.451	40.152
Hagnaður (Tap) ársins		<u>(714.667)</u>	<u>3.235.299</u>
Eigið fé samtals 7		<u>2.560.784</u>	<u>3.275.451</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>2.017.828</u>	<u>1.514.956</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>2.017.828</u>	<u>1.514.956</u>

Skuldir samtals		<u>2.017.828</u>	<u>1.514.956</u>
------------------------	--	------------------	------------------

Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>4.578.612</u></u>	<u><u>4.790.407</u></u>
------------------------------------	--	-------------------------	-------------------------



Sjóðstreymi 2016

Handbært fé til rekstrar	Skýr.	2016	2015
Hagnaður (Tap) ársins		(714.667)	3.235.299
Hreint veltufé (til) frá rekstri		(714.667)	3.235.299
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(798.595)	(1.356.969)
Skammtímaskuldir		502.872	(3.596.927)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(295.723)	(4.953.896)
Handbært fé til rekstrar		(1.010.390)	(1.718.597)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(1.010.390)	(1.718.597)
Handbært fé í ársbyrjun		1.251.859	2.970.456
Handbært fé í árslok		241.469	1.251.859



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Fimleikadeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2016	2015
Húsaleigustyrkir	8.900.000	8.900.000
Rekstrarstyrkur	7.988.300	7.985.900
Ýmis fyrirtæki	0	926.418
Aðrir styrkir og tekjur	1.310.258	1.319.898
	<u>18.198.558</u>	<u>19.132.216</u>

4. Aðrar tekjur

	2016	2015
Æfingagjöld	41.703.522	37.715.312
Tekjur af mótum o.fl.	1.989.958	1.947.293
	<u>43.693.480</u>	<u>39.662.605</u>



Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

	2016	2015
Laun	20.429.285	17.524.620
Launatengd gjöld	4.454.838	3.124.280
	<u>24.884.123</u>	<u>20.648.900</u>

6. Annar kostnaður

	2016	2015
Rekstur skrifstofu	1.963.324	721.414
Annar kostnaður	2.990.776	1.081.946
	<u>4.954.100</u>	<u>1.803.360</u>

7. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tap ársins	Samtals
Eigið fé 1/1	40.152	3.235.299	3.275.451
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	3.235.299	(3.235.299)	0
Afkoma ársins		(714.667)	(714.667)
Eigið fé 31/12	<u>3.275.451</u>	<u>(714.667)</u>	<u>2.560.784</u>